



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 20/2014

Notkun á auðkenninu Kvosin

I.

Erindið

Með bréfi Verslunarinnar Kvosarinnar ehf. dags. 15. júlí 2013, var kvartað undan notkun Kvosin Downtown Hotel, sem er rekið af Meiri Leiguhúsnæði ehf., á auðkenninu Kvosin. Fram kom að Verslunin Kvosin og Café Kvosin hafi verið rekin síðan 2009. Saman þekkist þessi rekstur sem Kvosin í daglegu tali. Heimasíða starfseminnar sé kvosin.is, viðskiptavinir fari í Kvosina til að versla í matinn, starfsfólkið vinni í Kvosinni, svarað sé í síma „Kvosin, góðan dag“ o.s.frv. Í síðasta mánuði hafi opnað hótél í nágrenni við félagið sem hafi valið sér nafnið Hótél Kvosin. Verslunin Kvosin mótmæli því að félagið geti tekið sér nafnið Kvosin enda sé komin hefð og venja fyrir því að kalla starfsemi Verslunarinnar Kvosarinnar við Aðalstræti 6-8, Kvosina. Félagið telji þetta valda ruglingi meðal viðskiptavina, erlendra ferðamanna og annarra sem leið eigi um svæðið. Óskað sé eftir að Neytendastofa bregðist við þessu og eigendum hótelsins verði óheimilt að nota nafnið Kvosin í nafni hótelsins.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Verslunarinnar Kvosarinnar var sent Kvosinni Downtown Hotel til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 30. júlí 2013. Í bréfi Neytendastofu kemur fram að ekki hafi verið vísað til ákvæða laga í erindinu en að mati Neytendastofu komi 5 og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, til skoðunar.

Neytendastofu bárust athugasemdir Kvosarinnar Downtown Hotel með bréfi, dags. 18. ágúst 2013, þar sem fram kemur að ljóst sé að fyrirtækin séu ekki í samkeppni og séu ekki að berjast um sömu viðskiptavini eða markóp, þar sem fyrirtækin veiti eðlisólíka þjónustu, þ.e. gístipjónustu og svo matvöruverslun og kaffi- og veitingasölu. Staðhæfingar Verslunarinnar séu órökstuddar. Ekki sé fullnægjandi til að banna notkun á auðkenninu Kvosin að Verslunin Kvosin telji þetta valdi ruglingi meðal viðskiptamanna, erlendra ferðamanna og annarra sem leið eiga um svæðið, án þess að leggja fullyrðingunni eitthvað til stuðnings. Ennfremur sé alls



óljóst hvernig ruglingur milli þessa tveggja fyrirtækja geti átt sér stað og hvernig hann geti orðið þess eðlis að neytendur komi til með að eiga viðskipti við rangan aðila vegna eðlisólíkrar þjónustu. Kvosin Downtown Hotel sé staðsett að Kirkjutorgi 4, í Kvosinni. Auðkennið Kvosin sé vísun í svæði á höfuðborgarsvæðinu sem hafi verið nefnt Kvosin í tugi ára og skjóti það skökku við að Verslunin Kvosin telji sig hafa eignast nafnið fyrir hefð og venju, en til þess þurfi samfellda notkun á heiti í tugi ára. Verslunin Kvosin ehf., hafi verið stofnuð árið 2012 og því sé ljóst að venja eigi ekki við í þeirra tilfalli.

Til þess að njóta einkaréttar verði vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að merkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið bjóði, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 9/2013. Firmanafnið Kvosin Downtown Hotel vísi til þeirrar þjónustu sem sé í boði og veki hugmynd um sérstakan atvinnurekstur, þ.e. hótellekstur, sem sé alls ótengdur matvöruverslun og kaffihúsi. Því sé mótmælt að félaginu sé óheimilt að nota auðkennið kvosin, í heiti hótelsins Kvosin Downtown Hotel.

2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 21. ágúst 2013, var Versluninni Kvosinni sent bréf Kvosarinnar Downtown Hotel til umsagnar.

Neytendastofu barst svar Verslunarinnar Kvosarinnar með tölvubréfi, dags. 13. september 2013. Þar kemur fram að félagið hafi það beint eftir starfsfólki Kvosarinnar Downtown Hotel að nöfn fyrirtækjanna séu að valda ruglingi meðal almennings. Einnig geti starfsfólk Verslunarinnar Kvosarinnar staðfest ruglinginn. Þó að fyrirtækin séu ekki í samkeppni telji félagið þetta ótækt. Fyrirtækið opnaði árið 2009 og Verslunin Kvosin sé þriðji eigandi að fyrirtækinu. Það sé rétt sem fram komi að Verslunin Kvosin ehf., hafi verið stofnuð 2012 en þá fylgdi með í kaupunum vörumerkið Kvosin sem sé skráð vörumerki. Verslunin kvosin eigi jafnframt vefsíðu og haldi úti sem sé kvosin.is. Starfsfólk félagsins svari símtölum með orðinu: „Kvosin“.

3.

Með bréfi Neytendastofu dags. 18. september 2013, var Kvosinni Downtown Hotel sent bréf Verslunarinnar Kvosarinnar til umsagnar. Í bréfinu kemur fram að staðhæfingar Verslunarinnar Kvosarinnar um að auðkennið Kvosin valdi ruglingi milli þessara tveggja félaga séu sem fyrr órökstuddar. Starfsfólk Kvosarinnar Downtown Hotel hafi ekki orðið vart við að viðskiptamenn Verslunarinnar Kvosarinnar séu að ruglast á hótelinu og versluninni. Er fullyrðingunni því hafnað sem rangri og ósannaðri. Ennfremur sé vísað almennt í starfsfólk Verslunarinnar Kvosarinnar til stuðnings fullyrðingunni um rugling meðal viðskiptavina án þess að tilgreina hvers eðlis eða í hverju ruglingurinn sé fólgin. Ekki sé fullnægjandi til að banna notkun á auðkenninu Kvosin að Verslunin Kvosin telji þetta valda ruglingi meðal viðskiptamanna, erlendra ferðamanna og annarra sem leið eigi um svæðið án þess að leggja fullyrðingunni eitthvað til stuðnings. Hafi það hvorki verið rökstutt í kvörtun til



Neytendastofu, dags. 15. júlí 2013, né í bréfi frá 13. september 2013. Með tilliti til þess sé erfitt að taka til varna gegn fullyrðingum um einhverja ótiltekna ruglingshættu sem hafi ekki verið studd neinum gögnum eða öðrum röksemdum.

Við mat á því hvort auðkenni hafi í för með sér hættu á ruglingi við annað einkenni í skilningi 15. gr. a. laga nr. 57/2005 hafi m.a. verið litið til þess hvort viðkomandi fyrirtæki starfi á sama markaði og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi. Ljóst sé að fyrirtækin séu ekki í samkeppni og séu ekki að berjast um sömu viðskiptavinum eða markhóp, þar sem fyrirtækin veiti eðlisólíka þjónustu þ.e. gistiþjónustu og svo matvöruverslun og kaffi- og veitingasölu. Ennfremur sé óljóst hvernig ruglingur milli þessa tveggja fyrirtækja geti átt sér stað og hvernig hann geti orðið til þess að neytendur komi til með að eiga viðskipti við rangan aðila, með tilliti til þessarar eðlisólíku þjónustu sem fyrirtækin bjóði upp á.

Mótmælt sé sérstaklega þeirri staðhæfingu að í kaupunum árið 2012 hafi fylgt vörumerkið Kvosin sem sé skráð vörumerki. Ljóst sé samkvæmt fylgigögnum að vörumerkið Kvosin sé ekki skráð vörumerki eins og haldið sé fram og þeirri fullyrðingu mótmælt sem rangri og ósannaðri. Kvosin sé hverfahluti í miðborg Reykjavíkur, en hverfahlutinn teljist vera kvosin norðan tjarnarinnar austan Aðalstrætis og vestan Lækjargötu og Kalkofnsvegar. Deiliskipulag fyrir svæðið heiti auk þess Kvosin 86, sem var samþykkt 1. október 1987 og sé enn gildandi og nái yfir svæðið frá Tjörn til suðurs, Lækjargötu til austurs, Suðurgötu/Aðalstræti/Tryggvagötu til vesturs og Miðbakka til norðurs.

Bæði verslunin og hótelið séu innan þess hverfahluta og því eðlilegt að þau sérkenni/auðkenni sig að hluta með því að nota auðkennið Kvosin til að lýsa staðsetningu starfsemi sinnar. Kvosin sé þar af leiðandi lýsandi fyrir staðsetningu og orðið eitt og sér skorti sérkenni og aðgreiningarhæfi í skilningi 1. mgr. 13. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 og geti þar af leiðandi ekki notið lögverndar.

Ljóst sé að Verslunin Kvosin njóti ekki einkaréttar á orðinu Kvosin. Til þess að njóta einkaréttar verði vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkist verndin því við að merkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið bjóði.

Ennfremur hafi verslunin og kaffihúsið einungis verið opin í fjögur ár og þar af leiðandi hafi einkaréttur ekki myndast á orðinu Kvosin, en til þess þurfi að koma til áralöng notkun staðfest gögnum, sbr. skilyrði 2. mgr. 13. gr. laga nr. 46/1997. Í máli þessu sé um að ræða orð sem ekki sé hægt að eignast einkarétt á. Skipti þar af leiðandi ekki máli hvort starfsfólk Verslunarinnar Kvosarinnar svari Kvosin í síma eður ei.

Firmanafnið Kvosin Downtown Hotel vísi til þeirrar þjónustu sem sé í boði og veki hugmynd um sérstakan atvinnurekstur, þ.e. hótélrekstur, sem sé alls ótengdur matvöruverslun og kaffihúsi. Þá hafi fleiri fyrirtæki á kvosarsvæðinu tekið upp þetta orð í starfsemi sinni, sbr.



Íslandsbanka við Lækjargötu. Bankinn hafi notað nafnið Kvosi um viðskiptasetur sitt sem opnaði hafi í janúar 2009.

Við mat á því hvort brotið hafi verið gegn ákvæðinu í 2. másl. 15. gr. a. hafi eftirlitsstjórnvöld um margt litið til svipaðra sjónarmiða og í vörumerkjarétti. Meðal þeirra grunnsjónarmiða sem framkvæmdin beri með sér, við mat á því hvort notkun og skráning heitis eða léns brjóti gegn ákvæðinu, hafi grundvallarþýðingu hvort þau heiti eða lén sem um sé deilt hafi sérkenni sem greini þau frá öðrum. Ef lén eða heiti séu einungis lýsandi fyrir þá þjónustu eða vörur sem viðkomandi hafi á boðstólnum en hafi ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, hafi viðkomandi ekki verið talinn njóta verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekk heiti eða lén til kynningar á starfsemi sinni.

Með tilliti til heitisins Kvosi og lénsins kvosi.is þá sé ljóst að um mjög almennt auðkenni sé að ræða sem hafi ekki tiltekin sérkenni. Með tilliti til þess sé ljóst að auðkennið og heitið Kvosi njóti ekki verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekk heiti eða lén til kynningar á starfsemi sinni. Þvert á móti hafi Kvosi Downtown Hotel aðgreint starfsemi sína og séu með sérkenni sem greini sig frá annarri þjónustu. Fari ekki milli mála hjá almennum borgara og/eða viðskiptavini að þjónustan sem fyrirtækið veiti sé gistiþjónusta. Komi sú skilgreining bæði fram í nafni hótelsins og léni þess. Því sé mótmælt að Kvosi Downtown Hotel sé óheimilt að nota auðkennið Kvosi, í heiti hótelsins.

4.

Bréf Kvosi Downtown Hotel var sent Versluninni Kvosinni til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 10. október 2013, ásamt lista yfir gögn málsins og tilkynnt að gagnaöflun væri lokið.

5.

Neytendastofu barst tölvubréf Verslunarinnar Kvosarinnar, dags. 4. nóvember 2013, þar sem fram kemur að félagið vilji undirstrika ruglinginn sem felist í því að hótél sé farið að kalla sig Kvosi líkt og félagið. Frá því á fimfundinum 31. október 2013 hafi fólk mætt í verslun félagsins í umvörpum, íslendingar og útlendingar, til að verða vitni að „*off-venue*“ tónleikum. Vandamálið sé að félagið hafi hvorki auglýst né sé með aðstöðu í versluninni fyrir slíka tónleika. Þegar farið var að kanna málið betur þá sé það Kvosi Downtown Hotel sem hafi verið að auglýsa „*Off-venue*“ tónleika. Þetta mál undirstriki enn og aftur ruglinginn sem það sé að valda að hótelið hafi valið sama nafn og nafnið á verslun og kaffihúsi félagsins. Í bréfi frá Kvosi Downtown Hotel hafi jafnframt komið fram að starfsmenn hótelsins hafi ekki orðið varir við þennan rugling. Vilji félagið benda á að það voru m.a. starfsmenn hjá þeim sem höfðu samband við Verslunina Kvosina varðandi þennan rugling. Þá liggi fyrir í viðskiptaáætlun félagsins að opna hótél í Aðalstræti 8 sem reiknað sé með að kalla Kvosi eins og verslunina og kaffihúsið; Verslunin Kvosi, Kaffi Kvosi og þá Hótél Kvosi. Óskað sé eftir niðurstöðu Neytendastofu sem allra fyrst varðandi þetta mál sem sé að valda almennum ruglingi og óþægindum og fyrirséð að muni ekki minnka í framtíðinni.



6.

Tölvubréf Verslunarinnar Kvosarinnar var sent Kvosinni Downtown Hotel til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 4. nóvember 2013.

Athugasemdir Kvosarinnar Downtown Hotel bárust Neytendastofu með bréfi, dags. 26. nóvember 2013. Þar kemur fram að staðhæfingar Verslunarinnar Kvosarinnar um að auðkennið Kvosin valdi ruglingi milli þessara tveggja félaga séu sem fyrr órökstuddar og hafnað sem röngum. Staðhæfingar um rugling vegna „*off-venue*“ tónleika sé ekki studd neinum gögnum eða öðrum sönnunum og mótmælt að þessi ruglingur hafi átt sér stað. Starfsmenn Kvosarinnar Downtown Hotel hafi þvert á móti ekki orðið varir við að viðskiptavinir Verslunarinnar Kvosarinnar séu að ruglast á hótelinu og versluninni. Hvað þá að þeir hafi haft samband við verslunina. Vísað sé almennt í starfsmenn hótelsins án þess að tilgreina í hverju sá ruglingur sé fólgin eða hvers eðlis hann sé. Jafnframt sé ekki tilgreint hvaða starfsmenn hótelsins séu að kvarta undan þessum ruglingi. Við mat á ruglingi og tengslum við þær staðhæfingar vísist í fyrri bréf.

Þá sé mótmælt og hafnað því sjónarmiði þar sem fram kemur að óheimilt sé að nota auðkennið Kvosin í heiti hótelsins þar sem það sé í viðskiptaáætlunum Verslunarinnar Kvosarinnar að opna hótél í Aðalstræti 8, sem þeir „*reikna með að kalla Kvosin [...] Hótel Kvosin*“. Kvosin Downtown Hotel sé lögverndað heiti sem njóti verndar skv. lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903 og laga nr. 57/2005. Firmanöfn séu eitt af þeim auðkennum sem 15. gr. a. taki til. Einn helsti tilgangur firmanafna sé að sérgreina fyrirtæki frá öðrum svo neytendur og viðskiptamenn geti greint á milli. Ef að hótél yrði opnað af hálfu Kvosarinnar, með einhverri samsetningu á heiti þar sem Kvosin væri einnig notað, sé ljóst að þar væri um að ræða brot gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005 á rétti Kvosarinnar Downtown Hotel og yrði þá eðlilega gripið til aðgerða ef svo yrði, þar sem um rekstur á sama sviði væri að ræða, á sama markaðssvæði. Virðist því sem meginástæða fyrir kvörtun Verslunarinnar Kvosarinnar sé ekki vegna meintrar ruglingshættu, heldur ætluð notkun þeirra á nafninu Hótel Kvosin.

7.

Með bréfum Neytendastofu til aðila málsins, dags. 6. desember 2013, var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar notkun Meira Leiguhúsnaðis ehf., sem er rekstraraðili Kvosarinnar Downtown Hotel, á auðkenninu Kvosin. Telur Verslunin Kvosin ehf. að notkunin sé



ólögmæt. Ekki var vísað til ákvæða laga í erindi félagsins en að mati Neytendastofu geta. 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, komið til álita í málinu.

Í svörum Kvosarinnar Downtown Hotel var til þess vísað að fyrirtækin séu ekki í samkeppni þar sem þjónusta þeirra sé eðlisólík. Auðkennið Kvosin sé vísun í svæði á höfuðborgarsvæðinu. Firmanafnið Kvosin Downtown Hotel vísi til þeirrar þjónustu sem sé í boði og veki hugmynd um sérstakan atvinnurekstur, þ.e. hótélrekstur, sem sé alls ótengdur rekstri matvöruverslunar og kaffihúss.

Í bréfi Verslunarinnar Kvosarinnar kemur fram að félagið hafi verið stofnað 2012 og keypt verslunina og kaffihúsið. Þá hafi fylgt með í kaupunum vörumerkið Kvosin sem sé skráð vörumerki. Verslunin Kvosin eigi jafnframt vefsíðu og haldi úti sem sé kvosin.is.

Kvosin Downtown Hotel mótmælir sérstaklega þeirri staðhæfingu að í kaupunum árið 2012 hafi fylgt vörumerkið Kvosin sem sé skráð vörumerki. Ljóst sé samkvæmt fylgigögnum að vörumerkið Kvosin sé ekki skráð vörumerki eins og haldið sé fram.

2.

Í bréfi Neytendastofu dags. 30. júlí 2013, kom fram það álit stofnunarinnar að ákvæði 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 gætu komið til álita í málinu.

Í 5. gr. laganna er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði V. kafla, svo sem 15. gr. a., gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 15. gr. a. segir:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glögg sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, sbr. greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn eða vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um



verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Verslunin Kvosin er skráð sem einkahlutafélag í fyrirtækjaskrá auk þess sem félagið á skráð lénið kvosin.is hjá ISNIC. Kvosin Downtown Hotel er skráð sem vörumerki hjá Einkaleyfastofu. Að mati stofnunarinnar hafa báðir aðilar skráð auðkenni sín með þar tilgerðum hætti og eiga því báðir aðilar tilkall til auðkenna sinna. Því telur stofnunin ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 koma til álita í málinu.

3.

Meginreglan er sú að eigandi auðkennis öðlast einkarétt til þess og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað auðkenni sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður auðkennið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda þess eða vöru eða þjónustu hans frá keppinautum og takmarkast verndin því við að auðkennið sé ekki almennt orð eða lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Orðið Kvosin er að mati Neytendastofu almennt orð í þeim skilningi sem aðilar þessa máls nota orðið enda vísar orðið til aðseturs fyrirtækjanna. Orðið er að finna í Íslensku alfræðiorðabókinni en almenn notkun á orðinu vísar til „*borgarhluta í Reykjavík, norður af Tjörninni; afmarkast af Aðalstræti, Tjörninni, Lækjargötu og Reykjavíkurhöfn. [...]*“. Óumdeilt er að báðir aðilar reki fyrirtæki sem staðsett eru í þeim borgarhluta Reykjavíkur sem nefndur er Kvosin. Orðið eins og það er notað af báðum aðilum málsins hefur ekki sérkenni og telur Neytendastofa það ekki vera lýsandi fyrir starfsemi fyrirtækjanna en sé þó lýsandi fyrir staðsetningu þeirra.

Fram kemur í kvörtun að Verslunin Kvosin reki verslun og Kaffihús og að Meiri Leiguhúsnaði reki hótél. Eru aðilar að mati Neytendastofu því ekki keppinautar á markaði. Í kvörtun kemur fram að ruglingur sé til staðar og einstaklingar hafi m.a. ruglast á fyrirtækjunum í sambandi við auglýsta „*off-venue*“ tónleika. Í svari Kvosin Downtown Hotel er ruglingi milli aðila mótmælt þar sem starfsemi fyrirtækjanna sé eðlisólík. Neytendastofa fær ekki séð að slíkur ruglingur sé þess eðlis að neytendur komi til með að eiga viðskipti við rangann aðila. Þá er tilgangur með rekstri aðilanna ekki hinn sami og því miða þeir ekki að sama markhópi. Að mati Neytendastofu er ekki til staðar ruglingshætta skv. 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Viðskiptaáætlun Verslunarinnar Kvosarinnar um að opna hótél hefur ekki áhrif á málsástæður í þessu máli.



Þá telur Neytendastofa að vísun beggja aðila í auðkennum sínum til staðsetningar valda því að heitin hafa sem slík lýsandi einkenni sem ekki er hægt að horfa fram hjá þrátt fyrir að vísað sé til aðseturs starfseminnar en ekki starfseminnar sjálfrar. Með vísan til alls ofangreinds telur Neytendastofa ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu.

**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 14. apríl 2014

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir